

**3402. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
20. febrúar 2020 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rákel Óskarsdóttir aðalmaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1706056 - Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar á fundi sínum þann 19. febrúar síðastliðinn og vísaði henni til bæjarráðs til umfjöllunar og afgreiðslu.

Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar er sett í samræmi við reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018. Húsnæðisáætlunin er heildstæð áætlun sveitarfélagsins varðandi stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu og er hún gerð til næstu sjö ára, frá árinu 2020 til og með 2026.

Bæjarráð fagnar fyrirbyggjandi Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar sem lýsir stöðu og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar í húsnæðismálum á Akranesi.

Bæjarráð vill nota tækifærið og þakka Sævari Frey Þráinssyni bæjarstjóra, Sædís Alexíu Sigurmundsdóttur verkefnastjóra og Hrefnu Rún Ákadóttur félagsmálastjóra fyrir þeirra vinnuframlag við gerð húsnæðisáætlunar.

Bæjarráð samþykkir áætlunina og vísar henni til umfjöllunar hjá skipulags- og umhverfisráði og að því loknu til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn Akraness þriðjudaginn 25. febrúar næstkomandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:50.

Elsa Lára Arnardóttir

Valgarður L. Jónsson

Rákel Óskarsdóttir

Sævar Freyr Þráinsson

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir